

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Vogabraut í Sveitarfélaginu Vogum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 6. júní 2007 samþykkt breytingu á deiliskipulagi, iðnaðarsvæði við Vogabraut nánar tiltekið Heiðarholt og Hraunholt.

Breytingin felst m.a. í að lóðum við Heiðarholt fjölgar um þrjár og einni er skipt upp í tvær.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 13. júní 2001.

Vogum, 3. júlí 2007.

F.h. sveitarstjórnar,

Kjartan Sævarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2007